

Nr. 2.

2

3. janúar.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Vopnafjarðarhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 3.

5. janúar.

REGLUGERÐ

um Fræðslumyndasafn ríkisins.

1. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins er stofnað með lögum nr. 54 1961.

2. gr.

Tilgangur þess er að afla með kaupum, eigin framleiðslu eða lánnum fræðslukvikmynda og kyrrmynda til þess að lána skólum, félögum, menningarstofnunum og einstaklingum.

3. gr.

Fræðslumyndasafnið getur krafizt leigu fyrir myndir, sem lánaðar eru úr safninu, og setur um það sérstakar reglur. Lántakendum ber að hlíta reglum safnsins um lánstíma að viðlögðum dagsektum, ef út af ber. Ekki er lántakendum heimilt að lána öðrum myndir safnsins, nema samþykki forstöðumanns komi til. Þeir eru bótaskyldir fyrir skemmdir, sem kunna að verða á filmunum í vörzlu þeirra.

4. gr.

Fræðslumyndasafnið vinnur að því að glæða skilning manna á notkun kyrrmynda og kvikmynda til menningar og fræðslu með því að koma á framfæri leiðbeiningum, prentuðum eða fjölrituðum, halda námskeið, flytja erindi og hafa sýningar á völdum myndum. Svo oft sem þörf er á, er gerð og gefin út skrá um myndir safnsins eða viðauki við eldri skrár.

5. gr.

Auk leiðbeiningastarfsemi, sem um getur í 2. gr. laga um Fræðslumyndasafnið, er því skylt að annast um framkvæmdir, eftir því sem við verður komið, ef ríkisstofnanir ráðast í gerð fræðslu- og menningarmynda og óska slíkrar aðstoðar.

6. gr.

Fræðslumyndasafnið lætur að fengnu leyfi gera íslenzkar endurútgáfur valinna erlendra kennslukvikmynda, að svo miklu leyti sem fé er veitt til slíkra framkvæmda.

7. gr.

Fræðslumyndasafnið getur haft forgöngu um gerð íslenzkra fræðslu- og kynningarmynda. Þegar svo hentar, getur það leitað eftir fjárhagslegri þátttöku stofnana og samtaka, sem kunna að hafa áhuga á að leggja slíkri myndagerð lið með því að bera kostnað af henni að einhverju eða öllu leyti. En safnið hefur yfirumsjón með framkvæmd verksins.

8. gr.

Fræðslumyndasafnið skal eftir föngum vinna að útvegum á hljómplötum og tónböndum til afnota í skólum.

9. gr.

Þegar efni og ástæður leyfa, kemur Fræðslumyndasafnið upp sérstakri vinnustofu til framköllunar og eftirmyndunar á filmum og tónsetningar á filmur, tónbönd og plötur í samvinnu við Ríkisútvarpið. Skal lögð stund á að bæta þar úr þörfum skóla og fræðslustofnana, svo sem föng eru á.

10. gr.

Fræðslumyndasafnið lætur gera sem gleggsta skrá um allar fullgerðar íslenzkar kvikmyndir, sem vitað er um. Þegar um er að ræða myndir, sem hafa sögulegt eða annað menningarlegt gildi, skal safnið eignast eintök af þeim, ef föng eru á. Fræðslumyndasafnið skal hafa geymslustað til umráða, þar sem safna má saman frumgerðum íslenzkra kvikmynda til varðveislu við sem hentugust geymsluskilyrði og mest öryggi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 54 29. marz 1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.